

1703076

06.0

Capacent_

Garðabær

Velsæld í Garðabæ

Aðdragandi og verkefnistillaga

Ráðgjafar Capacent voru kallaðir á fund með fulltrúum Garðabæjar til þess að ræða frekari útfærslur á fyrsta fasa verkefnisins (sjá fyrri verkefnatillögu).

Markmið fyrsta fasans er að;

- I. Kortleggja stöðu þeirra þátta sem hafa áhrif á velsæld/heilsu íbúa Garðabæjar. Það mun gefa stýrihópi frekari upplýsingar um stöðu mála í Garðabæ til þess að vinna með í seinni fasa.

Markmið seinni fasans er að;

- II. Í seinni fasa leggjum við til að gerð verði könnun meðal íbúa Garðabæjar og fá sjónarmið hagsmunaraðila í bæjarfélaginu í tengslum við heilsufar og velferð.
- III. Að setja fram skipulagaðar og markvissar tillögur að aðgerðum til að efla, bæta heilsu, liðan og velferð íbúa Garðabæjar.

Framkvæmd verkefnis

Forsendur við framkvæmd þessa verkefnis er að bæjarskrifstofa Garðabæjar leggi til mannaúð þannig að mögulegt verði að framkvæma neðangreinda verkþætti innan þess fjárhagsramma sem lagt er uppi með. Æskilegt er að þessa verkaskipting verði útfærð við fyrsta tækifæri.

Í upphafi verður myndaður stýrihópur sem er samansettur af ráðgjöfum og fulltrúum stjórnsýslu Garðabæjar og fer sá hópur með verkstjórn þessa fyrsta fasa.

Lagðar eru til eftirfarandi vörður í verkefninu:

Verkþáttur A – Skýr markhópaskipting

Ná skýrri mynd af íbúum Garðabæjar og hvernig er best að skipta þeim niður í markhópa sem unnið verður með þegar skipuleggja á aðgerðir til þess að efla, bæta heilsu og liðan íbúa Garðabæjar.

Einn ráðgjafi heldur um verkstjórnina, skipuleggur vinnu starfsfólks Garðabæjar, skilgreinir þau gögn sem kalla á eftir og heldur þrjá vinnufundi með þeim.

Ráðgjafar vinna úr þeim gögnum sem berast og útfæra ítarlega markhópagreiningu

Verkþáttur B – Greininga á stöðunni

Kortleggja núverandi framboð þeirra þátta sem efla velsæld/heilsu íbúa Garðabæjar.

Ráðgjafar eiga 2 fundi með fulltrúum Garðabæjar. Á þeim fundum eru þau gögn skilgreind sem fulltrúar Garðabæjar munu safna saman til þess að gefa sem bestu mynd af því sem í boði er fyrir íbúa Garðabæjar og styðja þeirra velsæld.

Verkþáttur C – Rýnifundir

Haldnir verða allt að tveir til fjórir rýnifundir með lykilaðilum innan Garðabæjar.

Ráðgjafar undirbúa þá rýnifundi, sjá til þess að spurningarammin sem vinna á eftir sé skýr og sé að ná fram lykilupplýsingum sem nauðsynlegar eru.

Tveir ráðgjafar verða með innlegg í upphafi rýnifundar, skipuleggja og keyra fundina með starfsfólki frá Garðabæ. Starfsfólk Garðabæjar sér um að ná niður þeirri umræðu sem á sér stað á rýnifundinum.

Lagt er uppi með að ná til neðangreindra hagsmunaaðila, en mögulega kunna þeir að verða fleiri, mun það skýrast betur eftir því sem liður á ferlinu. Ef sú staða kemur upp þá munu ráðgjafar bæta við djúpvíðtölum.

- Skólastjórar leik- og grunnskóla
- Heilsugæsla, lögregla, sálgæsla, félagsþjónusta og fleiri
- Íþrótt- og tómstundir
- Fulltrúar hagsmunaaðila eldri borgara

Verkþáttur D – Samantekt

Stutt greinargerð á niðurstöðum verkþátta A, B, og C.

Allir þrír ráðgjafarnir koma að úrvinnslunni og skrifra greinargerðina

Tillögur að næstu skrefum.

Verkefni getur hafist í byrjun 2020 og mun greinargerðin liggja fyrir vorið 2020.

Í upphafi hvers verkþátar er haldin fundur með stýrihópi þar sem farið er yfir stöðuna, hún metin og kannað hvort leita þurfi frekari upplýsinga. Fjórdi stýrihópsfundurinn er loka og skilafundur þar sem farið er yfir greinargerðina, allir þrír ráðgjafar koma á þann fund

Afurð verkefnisins:

- I. Skýr sýn á framboð þess sem í boði er í dag fyrir íbúa Garðabæjar og styður við velsæld/heilsu íbúa
- II. Mat lykilaðila á því sem í boði er og stöðumat
- III. Aukin vitund og sýnileiki á skiptingu íbúa Garðabæjar í markhópa

Capacent ehf., kt. 550910-0630, Ármúla 13, 108 Reykjavík, hér eftir nefnt *verktaki*, og Garðabær, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, hér eftir nefndur *verkkaupi*, sameiginlega vísað til sem *samningsaðila*, gera með sér svofelldan

verksamning

vegna verkefnis sem nefnist **Velsæld í Garðabæ** (hér eftir nefnt verkefnið).

Auk samnings þessa teljast eftirfarandi skjöl hluti hans:

- Viðauki I. Verkefnistillaga frá Capacent til verkkaupa sem nefnist Velsæld í Garðabæ 27. desember 2019.

1. Verkefnið

Verkkaupi samþykkti fyrirbyggjandi verkefnistillögu verktaka. Verktaki framkvæmir afmarkaða greiningu á velsæld í Garðabæ með þeim hætti sem nánar er lýst í viðauka I.

2. Verkefnisteymi verktaka og verkkaupa

Sigurjón Þórðarson, ráðgjafi hjá Capacent leiðir verkefnið fyrir hönd verktaka eins og því er lýst í samningi þessum. Auk hans taka aðrir ráðgjafar hjá Capacent þátt í verkefninu sbr. lýsingu í viðauka I.

Eiríkur Björn Björgvinsson hjá verkkaupa er ábyrgur fyrir verkefninu gagnvart verktaka.

Verktaka er heimilt að fá að verkefninu fleiri ráðgjafa sem starfa hjá verktaka að höfðu samráði við ábyrgðaraðila verkkaupa.

3. Hlutverk og ábyrgð verktaka

Verktaki ábyrgist að hann og starfsmenn hans vinni verk sín í samræmi við faglegar kröfur sem eðlilega má til hans gera, í samræmi við afmörkun verkefnisins í viðauka I.

Verktaki ber enga ábyrgð á túlkun eða nýtingu upplýsinga eða þeim ákvörðunum sem kunna að vera teknar á grundvelli þessa verkefnis. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar kunna að vera á grundvelli verkefnisins er hjá verkkaupa.

Verktaki ber enga ábyrgð á tjóni, hvort heldur beinu eða óbeinu, sem verkkaupi kann að verða fyrir í tengslum við framkvæmd þess verkefnis er samningur þessi tekur til og/eða afurðir hans, nema að því leyti sem slíkt kann að leiða af verulegum vanefndum, sem rekja má til gáleysis eða ásetnings af hálfu verktaka. Bótaábyrgð verktaka skal þó takmarkast við þá þóknun sem honum sannanlega greiðist á grundvelli samnings þessa og nær einungis til verkkaupa beint.

4. Hlutverk og ábyrgð verkkaupa

Verkkaupi gengur frá öllum nauðsynlegum forsendum fyrir því að verktaki geti tekið verkefnið að sér og sinnt því með þeim hætti sem lýst er í samningi þessum. Ábyrgðaraðili verkefnisins veitir verktaka nauðsynlegt umboð, stuðning og tíma til þess að verktaki geti sinnt verkefninu.

Verkkaupi ber sjálfur alla ábyrgð á lögmæti og öðrum forsendum fyrir því að verktaki sinni verkefninu og heldur verktaka skaðlausum af þeim ráðstöfunum.



5. Tímaáætlun

Verkefni getur hafist í byrjun 2020 og mun greinargerðin liggja fyrir vorið 2020.

6. Þóknun verktaka og greiðslufyrirkomulag

Verkkaupi samþykkir að greiða verktaka þóknun fyrir verkefnið og greiðslufyrirkomulag sem fjallað er um í kaflanum Þóknun í viðauka I.

7. Trúnaður og meðferð gagna

Allir starfsmenn verktaka sem koma að verkinu munu gæta fyllsta trúnaðar varðandi upplýsingar sem þeir fá í tengslum við verkefnið. Þeir hafa allir undirritað trúnaðarsamning hjá verktaka þar sem kveðið er á um þagnarskyldu varðandi málefni einstakra viðskiptamanna og munu undirrita sérstakar trúnaðar- og óhæðisyfirlýsingar við verkkaupa eftir því sem við á.

Capacent er heimilt að nota í eigin þágu og til hagsbóta fyrir viðskiptamenn sína hvenær sem er öll gögn er tilheyra verkefninu og eingöngu innihalda vinnuáðferðir, áætlanir og aðferðafræði Capacent. Capacent er óheimilt að nota þann hluta efnis er inniheldur sértæk gögn eða upplýsingar um verkkaupa til annarra nota en í þágu verkefnisins.

Í markaðsskyni er Capacent heimilt að nefna að Capacent hafi unnið fyrir verkkaupa. Í þeim tilfellum sem Capacent nefnir nafn verkkaupa skal aðeins heimilt að greina frá því að þjónustan hafi falið í sér ráðgjöf um tiltekin efnisatriði. Að öðru leyti skal Capacent ekki á neinn hátt vísa til verkkaupa án sérstaks samþykkis.

8. Notkunarréttur og aðrir fyrirvarar

Notkunarréttur skilgreindra afurða verkefnisins takmarkast við verkkaupa sem er eingöngu heimilt að beita aðferðafræði Capacent til innri nota.

9. Framsal og breytingar

Samningsaðilum er óheimilt að framselja samninginn eða réttindi sín og skyldur samkvæmt honum í heild eða að hluta, nema með áður fengnu skriflegu samþykki gagnaðila.

Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samninginn, skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af samningsaðilum.

10. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir þar til verkefninu lýkur sbr. verklýsingu í viðauka I.

11. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing

Verði ágreiningur milli aðila í tengslum við samninginn, skulu þeir leitast við að leysa þann ágreining með samkomulagi sín í milli. Náist slíkt samkomulag ekki, er hvorum aðila um sig heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla og skal málið þá rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Póknun Capacent

Áætluð póknun án VSK fyrir verkþætti A til D eru 2. Mkr.

Samþykki


Við vonum að framangreind verkefnistillaga falli að þörfum og hagsmunum verkkaupa.

Reykjavík 27.12.2019

Virðingarfyllst

f.h. Capacent

[Nafn fjárhagslega ábyrgs ráðgjafa]



12. Samþykki

Samningur þessi er í 12. greinum, 3 blaðsíðum, einum viðauka, og gerður í tveimur eintökum, einu fyrir hvorn aðila. Samningurinn er undirritaður af fulltrúum samningsaðila og staðfesta þeir, að hafi til þess umboð og fulla heimild í samræmi við gildandi lög og reglur.

Garðabæ 15. janúar 2019

30. 01


5.73

F.h. Garðabæjar,



Gunnar Einarsson

F.h. Capacent ehf.



Sigurjón Þórðarson

Vottun; Þórg. Fager